

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 8.000 pr./hund á ári, þangað til ný gjaldskrá hefur verið samþykkt.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessarri gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 14. febrúar 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 974/2002.

Djúpavogi, 15. febrúar 2003.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshepps.